

3. tbl. 20. árgangur • júní 2009

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Jenný Birna Þórisdóttir á Húsavík prýðir forsíðu Fréttabréfsins að þessu sinni. Með þessari fallegu mynd fylgir von um gott og gjöfult sumar til félagsmanna og landsmanna allra. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Píngueyarsýslum hafa gengið frá sérstökum afsláttarkjörum fyrir félagsmenn sem vilja fara í Jarðböðin í Mývatnssveit. Samkvæmt samkomulaginu fá félagsmenn 15% afslátt frá fullu verði. Sama afsláttarprósenta gildir við kaup á

árskortum hjá Jarðböðunum. Áður en menn fara í Jarðböðin verða menn að nálgast skírteini hjá Skrifstofu stéttarfélaganna sem félagsmenn framvísa þegar þeir greiða í Jarðböðin. Þeir sem ekki eiga leið til Húsavíkur geta fengið skírteinið sent til sín í pósti.



Stéttarfélagin í Píngueyarsýslum hafa samið við Jarðböðin um afsláttarkjör fyrir félagsmenn.

Mikil ánægja með starf Framsýnar

Aðalfundur Framsýnar- stéttarfélags fór fram 14. apríl. Góð mæting var á fundinn og setið í hverjum stól. Félagsmenn 1. janúar 2009 voru 2.221 og hafði fjölgað umtalsvert milli ára. Töluvert er um að fólk sem flytur af félagssvæði Framsýnar á önnur landssvæði óski eftir að fá að greiða áfram til félagsins. Þá eru einnig fjölmörg dæmi um að launþegar sem hafa verið í öðrum stéttarfélögum leiti eftir því að fá að gerast félagsmenn í Framsýn- stéttarfélagi. Þeir sem þess óska bera við góðri þjónustu, stefnu félagsins í kjaramálum og góðum styrkjum úr sjóðum félagsins. Samþykkt var samhljóða að hafa óbreytt félagsgjald sem er 1% af launum félagsmanna.

Fjárhagsleg afkoma félagsins var góð á árinu 2008 líkt og verið hefur síðustu ár. Hagnaður varð á öllum sjóðum félagsins. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 76.582.140,- á móti kr. 71.578.636,- á árinu 2007. Á síðasta ári varð tekjuafgangur af öllum sjóðum félagsins kr. 133.699.305 og munar þar mestu um vexti og verðbætur af innistæðum félagsins. Eigið fé félagsins í árslok nam kr. 938.786.076. Sem betur fer voru fjármunir félagsins á öruggum innlánsreikningum þegar bankahrúnið gekk yfir í október. Stefna félagsins hefur verið að hafa þá í eins öruggri vörslu og kostur er á hverjum tíma, þrátt fyrir gylliboð í gegnum tíðina frá fjárfestingaraðilum, sem leitaða hafa eftir að fá fjármuni félagsins til umsýslu. Þess vegna ekki síst töpuðu félagsmenn Framsýnar ekki krónu af innlánsreikningum Framsýnar í hamförumum. Alls fengu 365 félagsmenn bætur úr sjúkrasjóði félagsins. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 18.381.122,-. Sambærileg tala fyrir



Fólk kom víða að á fundinn. Hér eru félagsmenn úr Reykjadal, Mývatnssveit, Ljósavatnsskard og Húsavík.

árið 2007 er kr. 14.163.561. Veruleg aukning varð því á útgjöldum sjóðsins milli ára. Á síðasta ári dvöldu 434 félagsmenn ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsibúðum, á tjaldsvæðum og hótélum á vegum félagsins. Sú mikla aðsókn sem verið hefur í orlofshúsum og í aðra möguleika sem félagið hefur boðið upp á í orlofsmálum er ekki síst tilkomin vegna þess að félagið niðurgreiðir leiguna verulega fyrir félagsmenn. Ákveðið hefur verið að hafa sama verðið í sumar eða kr. 15.000,- fyrir vikuna. Ekkert punktakerfi er hjá félaginu þannig að reynt er að verða við óskum allra þeirra sem sækja um orlofshús hjá félaginu á hverju ári.

Á árinu 2008 fengu 208 félagsmenn greiddar kr. 5.946.641,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum sem Framsýn á aðild að í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Aðalfundurinn hyllti starfsmenn félagsins fyrir frábært starf með því að biðja þá um að rísa á fætur og síðan var klappað fyrir

þeim. Formaður þakkaði fyrir hlýjar kveðjur í garð starfsmanna um leið og hann sagði að stjórn, trúnaðarmannaráð, trúnaðarmenn og félagsmenn allir ættu sinn hlut í því að rekstur félagsins gengi vel og starf þess nyti virðingar á landsvísi. Í lokin má geta þess að skrifstofa félagsins er opin níu tíma

á dag sem er lengsti opnunartími hjá stéttarfélögum á Íslandi. Frekari upplýsingar um fundinn má sjá á heimasíðu félagsins www.framsyn.is



Staða Framsýnar er góð um þessar mundir, starf félagsins hefur aldrei verið öflugra og voru fundarmenn afar ánægðir með stöðuna. Aðalfundurinn hyllti starfsmenn félagsins fyrir frábært starf með því að biðja þá um að rísa á fætur og síðan var klappað fyrir þeim.

GPG- Fiskverkun greiðir mest

Skrifstofa stéttarfélaganna hefur gert samantekt um hæstu launagreiðendur til Framsýnar-stéttarfélags á árinu 2008. Um er að ræða samningsbundin gjöld til stéttarféлага af vinnu starfsmanna og félagsgjöld. Samkvæmt samantektinni greiðir GPG- Fiskverkun mest allra fyrirtækja til félagsins en fyrirtækið rekur fiskvinnslu og útgerð á Húsavík og Raufarhöfn. Hér kemur listi yfir sjö efstu launagreiðendurna:

GPG-Fiskverkun
Norðurþing

Jarðboranir hf.
Norðlenska
Eimskip
Ríkissjóður
Vísir hf.

Athygli vekur að Jarðbornir hf. eru orðnir þriðju hæstu greiðendur til félagsins. Á undanförunum árum hefur fjölgað mjög þeim starfsmönnum fyrirtækisins sem velja að greiða til Framsýnar. Ekki síst heimamenn sem unnið hafa við boranir á Kröflu- og Þeistareykjarsvæðinu vegna hugsanlegs álvers við Húsavík.



GPG-Fiskverkun greiðir mest allra fyrirtækja til Framsýnar- stéttarfélags sem undirstrikar mikilvægi fyrirtækisins fyrir svæðið en GPG er með starfsemi á Húsavík og á Raufarhöfn. Félagarnir Friðbjörn Sigurðsson og Ólafur Hafsteinn Káráson starfa báðir hjá GPG á Húsavík.

Sjálfboðaliðar við störf

Það er margt frábært fólk sem starfar í stjórnun, nefndum og ráðum fyrir Framsýn. Auðvelt er að fá fólk til að starfa fyrir félagið enda mikið lagt upp úr því að hafa starfið líflegt og skemmtilegt. Þess má geta að stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins tók að sér að sjá um hátíðarhöldin 1. maí. Fimmtudagurinn fyrir 1. maí fór í að raða upp borðum og stólum

og dekkja upp borð fyrir hundruðir gesta. Þá þurfti einnig að setja upp svið. Á hátíðardeginum sjálfum sá hópurinn svo um að allir fengju kaffi og tertu auk þess sem ganga þurfti frá öllu og taka til í höllinni eftir velheppnaða dagskrá. Full ástæða er til að þakka þessum einstaka hópi fyrir þeirra framlag til hátíðarinnar.



Stjórnarmennirnir Olga Gísladóttir og Adalsteinn Óskarsson komu að því að standsetja íþróttaböllina 1. maí áður en hún fyllist af hátíðargestum. Hér eru þau í smá pásu í miðjum undirbúningi

Ódýrir jakkar í boði

Framsýn auglýsti nýlega félagsjakka til sölu á mjög hagstæðu verði til félagsmanna. Viðbrögðin fóru fram úr björtustu vonum og hafa félagsmenn verið duglegir við að panta sér jakka. Þingið hefur nú ákveðið að bjóða sínum félagsmönnum upp á félagsjakka

á sömu kjörum og félagsmenn Framsýnar fengu jakkana á eða kr. 5000,-. Framsýnar- og Þingiðnarfélagar geta fengið jakkana á þessu frábæra verði til 20. júní nk. en þá lýkur sölu á jökkunum.

Skákfélagið þakkar fyrir sig

Skákfélagið Goðinn hefur í vetur verið með aðstöðu hjá stéttarfélaginu á Húsavík. Þannig hafa félögin viljað stuðla að eflingu skákíþróttarinnar í Þingiðjarsýslum. Formaður félagsins, Hermann Aðalsteinsson, kom nýlega við

á Skrifstofu stéttarfélaganna og afhenti stéttarfélaginu þakkarbréf fyrir stuðninginn í vetur. Formaður Framsýnar tók við bréfinu fh. stéttarfélaganna og þakkaði skákfélaginu fyrir ánægjulegt samstarf.



Hermann Aðalsteinsson sem hér situr að tafli við Sigurjón Benediktsson afhenti Skrifstofu stéttarfélaganna þakkarbréf frá Skákfélaginu Goðanum fyrir stuðning stéttarfélaganna við skákstarf í Þingiðjarsýslum.

55 þúsunda launauppbót til starfsmanna

Samherji hf. hefur ákveðið að greiða öllum starfsmönnum sínum í landi 55 þúsund króna launauppbót, miðað við fullt starf. Uppbótin verður greidd með launum í lok maí. Samherji er m.a. meirihlutaeigandi í Silfurstjórnunni í Öxarfirði og því nær hækkinin til starfsmanna stöðvarinnar sem flestir eru félagsmenn í Framsýn- stéttarfélagi. Í bréfi frá fyrirtækinu til starfsmanna segir: „Á undanförunum mánuðum höfum við getað þjónað okkar

viðskiptavinum af nauðsynlegu öryggi við mjög erfiðar ytri aðstæður. Þetta var einungis mögulegt með mikilli vinnu ykkar allra, góðri samvinnu milli veiða, framleiðslu og markaðar og þeirri staðreynd að allir gerðu sitt besta og því hafi fyrirtækið ákveðið að greiða starfsmönnum þessa launauppbót.“ Framsýn fagnar þessari ákvörðun fyrirtækisins og hefur þegar komið því á framfæri við forsvarsmenn fyrirtækisins.



Starfsmenn Silfurstjórnunnar fengu óvantan glæðning kr. 55 þúsund frá fyrirtækinu

Fjölmenni við hátíðarhöldin á Húsavík

Mikið fjölmenni var saman komið í Íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí þegar hátíðarhöld stéttarfélaganna fóru fram. Boðið var upp á góða dagskrá þar sem fjölmargir listamenn komu fram s.s. Mannakorn, S.O.S. og Gísli Einarsson skemmtikraftur. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, flutti ávarp og Böðvar Pétursson bóndi, sveitarstjórnarmaður og starfsmaður

Landsvirkjunar flutti hátíðarræðu dagsins. Böðvar er jafnframt félagsmaður í Framsýn. Ræður þeirra félaga, Aðalsteins og Böðvars, hafa vakið töluverða athygli og fengið góða dóma. Hægt er að lesa þær á heimasíðu Framsýnar. Meðan gestirnir nutu skemmtiatriðanna var þeim boðið upp á kaffiveitingar. Hér koma nokkrar myndir frá samkomunni.



Fundarsalurinn þrífinn

Meistaraflokkur Völsungs í kvennaflokki tók að sér að þrifa og hér koma myndir sem teknar fundarsal stéttarfélaganna. Að sjálfsgöðu stóðu þær sig mjög vel og hér koma myndir sem teknar voru við það tækifæri.



Aðalfundur deildar verslunar- og skrifstofufólks Framsýnar- stéttarfélags verður haldinn fimmtudaginn 18. júní klukkan 20:00 í sal félagsins.

Dagskrá

1. **Venjuleg aðalfundarstörf**
 - a. **Skýrsla stjórnar.**
 - b. **Kjör tveggja meðstjórnenda**
 - c. **Kjör tveggja varamanna í stjórn**
2. **Önnur mál.**

Félagsmenn Framsýnar- stéttarfélags sem starfa eftir kjarasamningi Landssambands íslenskra verslunarmanna við Samtök atvinnulífsins eru aðilar að deildinni. Það eru þeir sem starfa við verslunar- og skrifstofustörf, við gestamóttöku og ýmissa þjónustustörf. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Léttar veitingar verða í boði félagsins.



Formaður í 15 ár

Þann 3. maí voru 15 ár liðin frá því að Aðalsteinn Á. Baldursson tók við sem formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur nú Framsýnar- stéttarfélags. Hann hóf störf á Skrifstofu stéttarfélaganna árið 1992, tveimur árum síðar eða 3. maí 1994 tók hann við formennsku af Kára Arnóri Kárasyni sem í dag gegnir framkvæmdastjórnstöðu hjá Stapalífeyrissjóði. Aðalsteinn hóf ungur afskipti af verkalýðsmálum því árið 1986 var hann kjörinn í stjórn félagsins og hafði þá áður setið í trúnaðarmannaráði félagsins. Þá var Aðalsteinn trúnaðarmaður starfsmanna hjá Fiskidjúsamlagi Húsavíkur lengst af þeim tíma sem hann starfaði hjá fyrirtækinu eða frá 1979 til 1992. Aðalsteinn hefur lengi verið áberandi í íslenski verkalýðshreyfinguna ekki síst Starfsgreinasamband Íslands. Í samtali við Fréttabréfið sagðist Aðalsteinn ekki hafa áttað sig á því að 15 ár væru liðin frá því að hann tók

við formennsku í Verkalýðsfélaginu, fyrr en honum var sagt frá því eftir hátíðarhöldin 1. maí. Hann sagði þetta hafa verið skemmtilegan og gefandi tíma og verið afar fljótur að liða og það væri alltaf jafn gaman að koma til vinnu á morgnanna. Framsýn stæði vel í dag og væri samkvæmt skoðanakönnunum eitt virtasta stéttarfélag landsins. Sem væri ekki síst að þakka góðum félagsmönnum og öflugum fólki í stjórn og trúnaðarmannaráði. Til viðbótar hefði tekist að efla trúnaðarmannakerfið hjá félaginu og nú væru rúmlega tuttugu öflugir trúnaðarmenn starfandi á öllum helstu vinnustöðum á félagssvæðinu sem væri afar mikilvægt. Hann sagði skipta miklu máli fyrir launþega í Pingeyjarsýslum að hafa öflugt stéttarfélag við hlið sér, ekki síst á þeim tímum sem menn væru að upplifa um þessar mundir. Að lokum sagðist Aðalsteinn þakka fyrir það traust sem honum hefði hlotnast með því að fá að styra stéttarfélagi í 15 ár sem ætti sér bjarta framtíð.



Formaður Framsýnar hóf snemma afskipti af verkalýðsmálum. Hann var lengi trúnaðarmaður starfsmanna í saltfiskeverkem Fiskidjúsamlags Húsavíkur áður en hann tók að sér formennsku í Verkalýðsfélagi Húsavíkur nú Framsýn- stéttarfélagi. Hér er hann ásamt tveimur fyrrverandi samstarfsmönnum sínum sem nú eru báðir látnir, þeim Hafliða Jónssyni og Torfa Sigurðssyni.

Fæðispeningar hækka hjá sjómönnum

Frá og með 1. júní 2009 hækka fæðispeningar hjá sjómönnum á fiskiskipum um 17,5%. Er þetta í samræmi við hækkan á matar og drykkjarvörum í vísitölu neysluverðs frá maí 2008 til maí 2009. Sjá nánar í kaupskrá sem gildir frá 1. júní 2009. Þá er rétt að geta þess

að Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur ákveðið að hækka viðmiðunarverð á slægðri ýsu í viðskiptum milli skyldra aðila um 10% frá 1. maí. Viðmiðunarverð á óslægðri ýsu hækkar um 17% og viðmiðunarverð á karfa hækkar um 13% frá sama tíma.



Vísir hf. greiðir starfsmönnum launauppbót

Vísir hf. sem rekur frystihús á Húsavík hefur ákveðið að greiða öllum starfsmönnum sínum í landi 55 þúsund króna sumaruppbót og hefur hún þegar verið greidd. Alls starfa hátt í 50 manns hjá fyrirtækinu á Húsavík. Vísir er auk þess með starfsstöðvar á Djúpavogi, Grindavík og Pingeyri. Ástæða uppbótarinnar er sú að Vísir hefur tekist að mæta mjög krefjandi rekstrarumhverfi með góðri samvinnu og samstilltu átaki allra starfsmanna. Tryggð starfsmanna og vilji til góðra verka verður áfram það afl sem fyrirtækið mun

byggjast á. Formaður Framsýnar fagnar sérstaklega ákvörðun Vísis en stjórnendur fyrirtækisins höfðu samband við hann og gerðu honum grein fyrir ákvörðun fyrirtækisins. Áður hafði Framsýn sent fyrirtækjum á félagssvæðinu bréf með tilmælum um að fyrirtæki hækkuðu laun þrátt fyrir samkomulag SA og Samninganefndar ASÍ um frestun á launahækkunum 1. mars fram á sumarið. Mörg fyrirtæki hafa orðið við tilmælum Framsýnar og hækkað laun starfsmanna eða greitt þeim launauppbætur og nú bætist Vísir hf. við þann hóp sem er vel.

Andri Snær í heimsókn

Kvikmyndin Draumalandið var sýnd á Húsavík í byrjun maí og lögðu fjölmargir leið sína í Borgarhólsskóla þar sem myndin var sýnd. Andri Snær Magnason sem er einn af aðstandendum myndarinnar notaði tækifærið þegar hann var á Húsavík og kom í morgunkaffi til formanns Framsýnar, Aðalsteins Á. Baldurssonar, til

að ræða almennt um myndina, umhverfis- og atvinnumál. Skiptust þeir á skoðunum ásamt Hönnu Björk Valsdóttur sem var með Andra Snæ í för. Þegar Andri Snær og Hanna Björk yfirgáfu svæðið færði formaður Framsýnar þeim sögu verkalýðsfélagsins að gjöf sem fjallar m.a. um atvinnusögu Pingeyinga.

Atvinnurekendur ath.

Það eru góðir styrkir í boði vilji fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir standa fyrir námskeiðum fyrir félagsmenn Framsýnar.

Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Vorboðanir ljúfu



Það eru mörg vorverkin sem þarf að vinna í gördum Pingeyinga. Þá er gott að vera handlaginn eins og Benni Donda sem er magnaður með hamarinn.

Framsýn niðurgreiðir Detox meðferðir

Framsýn- stéttarfélag hefur ákveðið að niðurgreiða Detox meðferðir hjá félagsmönnum. Meðferðin hefur vakið töluverða athygli enda um góða forvörn að ræða að mati þeirra sem tekið hafa þátt í meðferðinni. Styrkur Framsýnar til félagsmanna er allt að kr. 40.000,- vegna meðferðar. Styrkurinn tekur mið af félagsgjaldi þess sem sækir um

styrkinn. Með þessari ákvörðun vill félagið stuðla að því að félagsmenn geti farið í meðferðina og um leið að ýta undir atvinnuuppbyggingu í Mývatnssveit en Detox ehf. kemur til með að vera staðsett í Mývatnssveit og á Reykjanesinu.

Námsstyrkir í boði

Fullgildir félagsmenn í Framsýn, Pingið og Verkalýðsfélagi Þórshafnar eiga rétt á góðum styrkjum saki þeir námskeið eða nám með vinnu. Aðgangur félagsmanna að öflugum fræðslusjóðum tryggir félagsmönnum þennan góða rétt.

Athugið

Hægt er að lesa meira um einstakar fréttir inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is. Þar eru einnig fleiri myndir sem tengjast starfi stéttarfélaganna.



Á vörin fara starfsmenn Vegagerðarinnar um veginna og laga belstu skemmdir eftir veturinn. Hér eru þeir Tóti, Geiri og Nonni að laga skemmdir á veginum í Reykjadal.



Það eru margir góðir gestir sem koma í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Hér eru tveir miklir höfðingjar á ferð, þeir Ivar Júlíusson og Kristján Blar Ásmundsson sem eru hér á tali við formann Framsýnar um lífið, tilveruna og allt þar á milli.



Guðjón Vesteinsson starfar á Hótel Reyðiblíð en horft er til þess að starfsemi hótelsins muni eflast með tilkomu Detoxmeðferðar í Mývatnssveit sem er vel.

Reksturinn gekk vel

Aðalfundur Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Pingeyjarsýslum fór fram 20. apríl. Alls eru félagsmenn 91 talsins, þar af eru karlar 89 og konur 2. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 5.613.930,- sem er 7,9% lækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 214.720,- sem er lækkun frá síðasta ári. Félagið er eigandi af 25% hlut í orlofsíbúð að Freyjugötu 10a í Reykjavík með Framsýn, stéttarfélagi. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 28.669.264,- og eigið fé í árslok nam kr. 149.322.221,- og hefur aukist um 6,7% að raungildi frá fyrra ári. Á síðasta aðalfundi Þingiðnar var samþykkt að lækka félagsgjaldið úr 1% í 0,7% af tekjum félagsmanna og tók lækkunin gildi þann 1. júní 2008. Sú breyting skýrir að hluta þá lækkun sem varð á iðgjöldum frá árinu 2007. Í ársreikningi félagsins kemur fram að tekjur félagssjóðs umfram gjöld árið 2008 námu kr. 179.193,- áður en tekið er tillit til fjármagnsliða. Í gegnum árin hefur verið rekin mjög varkár stefna varðandi innistæður félagsins. Þrátt fyrir mörg gylliboð fjármálastofnanna um að fá fjármunina í sína vörslu hafa fjármunir félagsins verið vistaðir

á öruggum innlánsreikningum með góðri ávöxtun. Þess vegna ekki síst tapaði félagið ekki krónu í fjármálakreppunni sem skall á þjóðinni í október 2008. "Það er full ástæða til að gleðjast yfir þessari niðurstöðu", sagði formaður félagsins, Jónas Kristjánsson, þegar hann flutti skýrslu stjórnar. Hann hafði hins vegar áhyggjur af stöðu kjaramála og atvinnamála í Pingeyjarsýslum. Hann sagði ástandið slæmt eins og víða um land. "Við verðum að treysta því að hlutirnir taki jákvæðum breytingum á næstu mánuðum og ný ríkisstjórn sem tekur væntanlega við völdum á næstu vikum geri allt til að hér þrífist öflugt atvinnulíf á komandi árum. Við eigum fullt af ónýttum auðlindum sem án efa verða til þess að koma okkur upp úr öldudalnum fyrr en marga grunar", sagði Jónas að lokum. Eftirtaldir sitja í stjórn félagsins auk Jónasar, Svandís Sverrisdóttir, Jónmundur Aðalsteinsson, Þórður Aðalsteinsson og Daníel Jónsson yngri. Samkvæmt lögum félagsins er kjörtímabil stjórnar tvö ár og er kjörtímabil núverandi stjórnar frá 2008 til 2010. Í lok fundar kom fram tillaga frá fundarmönnum um að klappa fyrir stjórn og starfsmönnum fyrir frábært starf í þágu félagsmanna.



Þingiðnarmenn fara yfir ársreikninga og skýrslu stjórnar.



Konurnar tvær í karlafélaginu Þingiðn voru virkar á fundinum

63% framhaldsskólanema með vinnu í sumar



Það lifnar alltaf yfir atvinnulífni á vorin þegar nemendur skólanna streyma út á vinnumarkaðinn. Líklega verður þó erfiðara í ár fyrir ungt fólk að fá vinnu miðað við könnun stéttarfélaganna sem náði til nemenda Borgarhólsskóla og Framhaldsskólans á Húsavík.

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum gerðu könnun meðal nemenda Framhaldsskóla Húsavíkur um atvinnuhorfur þeirra á komandi sumri. Könnunin leiddi í ljós að ríflega 63% nemenda eru búnir að tryggja sér vinnu fyrir sumarið og að 15% nemenda til viðbótar eru hugsanlega komnir með vinnu. Af þeim sem ekki eru búnir að tryggja sér sumarvinnu telja tveir af hverjum þremur að góðar líkur séu á því að þeir fái vinnu í sumar. Atvinnuhorfur framhaldsskólanema í sumar eru því mun betri en hjá elstu nemendum Borgarhólsskóla á Húsavík en einungis um 14%

nemenda í 10. bekk skólans er með örugga vinnu í sumar samkvæmt sömu könnun. Könnunin í heild sinni náði til allra nemenda í 10. bekk Borgarhólsskóla á Húsavík og til nemenda í Framhaldsskólanum á Húsavík. Samkvæmt henni er rétt ríflega helmingur þessa hóps búinn að tryggja sér vinnu í sumar, 20% nemenda eru hugsanlega komnir með vinnu en 30% þeirra sjá ekki fram í atvinnu í sumar. Af þeim sem ekki eru búnir að tryggja sér sumarvinnu eru tæplega 70% nemenda bjartsýnir á að þeir fái vinnu í sumar.

Ertu að fara erlendis?

Rétt er að minna félagsmenn á afsláttarkjör sem þeir eiga rétt á gisti þeir á Hótel Keflavík áður en þeir fara erlendis í frí.

Í boði er gisting, morgunverður og geymsla á bíl á mjög hagstæðu verði fyrir félagsmenn

Johanna komin til starfa

Johanna Katarsyna Jalowiec hefur verið ráðin í sumarafleysingar á Skrifstofa stéttarfélaganna. Johanna hefur síðustu ár starfað hjá Vísi á Húsavík. Hún er pólsk og starfaði sem skrifstofumaður í Póllandi áður en hún flutti til Íslands. Stéttarfélagin bjóða hana velkomna til starfa. Johanna Katarzyna Jalowiec zostala zatrudniona na okres lata przez Związki Zawodowe w Húsavík. Przez jakiś czas pracowała w Vísi w Húsavík. Pochodzi z Polski gdzie pracowała jako urzędnik biurowy zanim przeprowadziła się na Islandię. Związki Zawodowe witają ją w gronie pracowników.



Hópefli hjá Framsýn

Framsýn stóð nýlega fyrir tveggja daga trúnaðarmannanámsskeiði á Narfastöðum í Reykjadal. Eftir langa og stranga setu á námskeiðinu fyrri daginn var farið í heimsókn í Vallakot til þeirra Rúnars og Hönnu Möggu. Hjónakornin tóku vel á móti gestunum og buðu þeim í fjós, fjárhús og í gróðurhús þar sem þau rækta ýmsar löglegar jurtir. Á fjósgólfinu stóð Einar Ingi Hermannsson og tók lagið fyrir trúnaðarmennina af einstakri snilld. Þá var farið aftur í Narfastaði og

snæddur kvöldverður auk þess sem staðarhaldarinn, Unnsteinn Ingason, fór yfir starfsemi og sögu ferðapjónustunnar á Narfastöðum. Að lokum tók leikfélagið í Reykjadalnum á móti hópnum á Breiðumýri og sungin voru nokkur lög úr leikritinu sem félagið er að sýna um þessar mundir við góðan orðstír. Það voru þreyttir og glaðir trúnaðarmenn sem síðan lögðust til hvílu um miðnættið enda strangur dagur framundan. Sjá frekari uppfjöllun á www.framsýn.is



Erlingur B. Thoroddsen heiðraður



Erlingur B. Thoroddsen var bræður þegar hann tók við viðurkenningunni. Hann þakkaði vel fyrir sig og slutti skemmtilega ræðu.

Á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga veitti félagið Hótel Norðurljósum og þar með Erlingi B. Thoroddsen Hvatningaverðlaunin 2009 fyrir eftirtektarverðan árangur í rekstri ferðapjónustu og óbilandi frumkvæði að nýsköpun sem styrkja mun svæðið sem áfangastað ferðamanna um ókomin ár. Erlingur þakkaði vel fyrir sig í góðri ræðu og sagði afskipti sín af ferðapjónustu hafa hafist fyrir um 40 árum þegar hann var beðinn um að vera fararstjóri eina helgi. Það hefði kveikt áhuga hjá honum á ferðapjónustu. Hann sagðist hafa unnið með góðu

fólki í gegnum tíðina auk þess sem fjölskyldan hefði alla tíð staðið vel við bakið á honum. Hann sagði jafnframt að ferðapjónustan ætti eftir að eflast enn frekar á svæðinu og nefndi Heimskautagerðið sem dæmi sem hann sagðist binda miklar vonir við. Að lokum þakkaði hann Atvinnuþróunarfélaginu fyrir afar ánægjulegt samstarf og lagði til að félagið verðlaunaði sig sjálft á næsta ári þar sem það ætti það fullkomlega skilið.

Við Pingeyingar óskum Erlingi og hans fjölskyldu að sjálfsögðu til hamingju.

Rein byggir þjónustuhús fyrir ferðamenn

Nýlega var tekið í notkun nýtt og glæsilegt þjónustuhús fyrir ferðamenn á Borgaási við Dimmuborgir í Mývatnssveit. Húsið er á fallegum stað og þaðan sést vel yfir borgirnar sem eru með fallegri náttúruperlum á Íslandi. Það er Trésmiðjan Rein sem hefur í vetur unnið að byggingu samtals 10 eininga á verkstæði fyrirtækisins í Reykjavær. Síðustu vikunar hefur verið unnið að því að flytja þær upp í Mývatnssveit þar sem nú er unnið að því að koma þeim fyrir. Húsið er samtals um 240 fm. og er ætlað að hýsa kaffihús, verslun og snyrtingar. Rekstraraðilar verða Dimmuborgir ehf. Gunnar Jóhannesson sem

undanfarin ár hefur starfað hjá Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Dimmuborga. Fulltrúi stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum kom við fyrir skömmu og heilsaði upp á starfsmennina sem voru að leggja lokahönd á húsið. Ljóst er að nýja aðstaðan mun koma að góðum notum og efla enn frekar ferðaþjónustu í Mývatnssveit. Sem sagt, mjög gott framtak hjá Trésmiðjunni Rein sem á og rekur þjónustumiðstöðina. Verkefnið hefur verið unnið í góðu samstarfi við Landgræðslu ríkisins sem er umsjónaraðili Dimmuborgana.



FSH í heimsókn

Skrifstofa stéttarfélaganna fékk góða gesti í heimsókn en það voru nemendur sem stunda nám við Framhaldsskólann á Húsavík. Nemendurnir komu til að fræðast um starfsemi stéttarféлага og réttindi á vinnumarkaði. Hópurinn var frábær og var auk þess duglegur að leggja spurningar

fyrir formann Framsýnar sem var í forsvari. Þessar heimsóknir eru alltaf jafn ánægjulegar en á hverju ári koma nemendur frá skólunum til að fræðast um þessi mál sem skipta gífurlega miklu máli ekki síst fyrir ungt fólk sem er að stga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.



Sumartími

Skrifstofa stéttarfélaganna
verður opin frá kl.
08:00 til 16:00 í sumar.
Það er frá 1. júní til 31. ágúst.

Stéttarfélagin

Ódýrar gistingar í boði í sumar

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum eru með samninga við nokkur hótél og farfuglaheimili um ódýra gistingu fyrir félagsmenn s.s. á Fosshótélum, Edduhótélum og

Hótél Keflavík. Það á einnig við um gistingu á farfuglaheimilum. Þá er gisting á tjaldsvæðum niðurgreidd. Endilega leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Boðið að hitta Stoltenberg

Sviðstjóra Matvælasviðs SGS, Aðalsteini Á. Baldurssyni, var boðið á ping NNN (Norska matvælasambandsins) í apríl sl. Að sögn Aðalsteins voru mörg mál á dagskrá þingsins og fór það vel fram. Aðalsteini var sýndur mikill heiður í þingveislu Norska Matvælasambandsins sem haldin var á lokadegi þingsins. Um 400 gestir voru samankomnir í veislunni, það er þingfulltrúar, makar, starfsmenn þingsins og gestir, innlendir og erlendir. Aðalsteinn hlaut þann heiður að sitja við háborðið ásamt formanni og varaformanni Norska Matvælasambandsins og Svein Fjellheim fulltrúa ríkistjórnar Noregs. Auk þess var hann beðinn um að flytja ávarp fyrir hönd

erlendu gestanna í þingveislunni. Ræða Aðalsteins féll í mjög góðan jarðveg því Svein Fjellheim ritari forsætisráðherra Noregs, Jens Stoltenberg, bauð honum í kjölfarið að hitta forsætisráðherrann í næstu ferð hans til Noregs. Aðalsteinn sagði að kvöldið hefði verið ótrúlegt í alla staði og mikill heiður fyrir hann að vera beðinn um að flytja ávarp fyrir hönd erlendu gestanna auk þess að fá boð um að hitta sjálfan Jens Stoltenberg sem væri mjög vinsæll forsætisráðherra í Noregi. Stoltenberg væri auk þess formaður Norska Verkamannaflokksins. Alls sátu 19 erlendir gestir þingið frá Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Serbíu, Slovakíu, Rússlandi auk Íslands.



Jens Stoltenberg forsætisráðherra Noregs flutti ræðu á þingi Norska Matvælasambandsins í síðustu viku. Sviðstjóra Matvælasviðs SGS og formanni Framsýnar- stéttarfélags, Aðalsteini Á. Baldurssyni, hefur nú verið boðið í heimsókn til Norska forsætisráðherrans. Mikill heiður segir Aðalsteinn.

Salka með námskeið

Hjá Sölu á Húsavík starfar gott starfsfólk enda töluvert lagt upp úr starfsfræðslu hjá veitingastaðnum. Í síðustu viku voru starfsmenn á þjónustunámskeiði sem er liður í því að bæta þjónustuna á staðnum

enn frekar. Leiðbeinendur voru þjónarnir, Fjóla Kristjánsdóttir og Harpa Friðriksdóttir sem útskrifuðust frá Hótel og Matvælasólanum í Kópavogi.



Framsýn með kynningu í Borgarhólsskóla

Framsýn var boðið að vera með kynningu í Borgarhólsskóla á Húsavík á síðustu dögum skólans fyrir sumarfrí. Kynningin var fyrir 8. 9 og 10. bekk skólans. Um var að ræða tvö erindi fyrir hátt í 100 nemendur. Fulltrúi Framsýnar fjallaði um réttindi og skyldur

á vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaganna. Unglingarnir voru duglegir að koma með spurningar og voru auk þess flest áhugasöm um boðskapinn enda skiptir miklu máli að þau séu vel upplýst um vinnumarkaðsmál.



Kaffihús opnar á Raufarhöfn

Laugardaginn 6. júní sl. var opnað nýtt kaffihús á Raufarhöfn sem fengið hefur nafnið Kaffi Ljósfang. Það eru nokkrar hörku konur á Raufarhöfn sem standa að kaffihúsinu og eru þær bjartsýnar á að kaffihúsið eigi eftir að ganga vel. Þegar stjórn Atvinnuþróunarfélagsins var á

ferð á Raufarhöfn var þeim boðið að skoða kaffihúsið sem er allt hið glæsilegasta. Atvinnuþróunarfélagið aðstoðaði heimamenn við að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Stéttarfélagin óska aðstandendum Kaffi Ljósfangs til hamingju með nýja kaffihúsið.



Aðstandendur kaffihússins ásamt þeim Reinhardi og Sif frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga sem komu að því að aðstoða frumkvöðlana á Raufarhöfn við opnun kaffihússins.

Fiskvinnslufólk útskrifast

Fyrir helgina útskrifuðust 15 starfsmenn GPG á Húsavík sem Sérhæfðir fiskvinnslumenn. Þeir hafa undanfarið setið 40 klukkustunda námskeið sem tengist störfum þeirra hjá GPG. Fyrirtækið hefur staðið sig vel í

námskeiðsmálum og stutt er síðan fyrirtækið stóð fyrir námskeiði fyrir starfsfólk fyrirtækisins á Raufarhöfn. Námskeiðin eru samstarfsverkefni Framsýnar, GPG-Fiskverkunar og Sjávarútvegsráðuneytisins sem kostaði námskeiðin að mestu.



Orlofskostir í boði í sumar

Fjöldmargir orlofskostir standa félagsmönnum stéttarfélaganna í boði í sumar. Úthlutun orlofshúsa er lokið og var mikil ásókn í húsin í sumar, umsóknum fjölgaði um 30% frá síðasta sumri. Til að bregðast við aukinni ásókn var ákveðið að bæta við tveimur húsum, einu í Grímsnesi og einu í Flókalundi yfir háannatímann.

Félagsmenn geta nú sett sig í samband við Skrifstofu stéttarfélaganna til að bóka þær vikur sem ekki var úthlutað.

Lausar vikur:

Orlofshús	Frá	Til	Svæði
Stóru skógar 3	19.06.2009	26.06.2009	Borgarfjörður
Illugastaðir nr. 6	21.08.2009	28.08.2009	Norðurland
Eiðar nr. 6	12.06.2009	19.06.2009	Austurland
Eiðar nr. 6	19.06.2009	26.06.2009	Austurland
Eiðar nr. 6	10.07.2009	17.07.2009	Austurland
Eiðar nr. 6	07.08.2009	14.08.2009	Austurland
Eiðar nr. 6	21.08.2009	28.08.2009	Austurland
Einarsstaðir nr. 23	12.06.2009	19.06.2009	Austurland
Einarsstaðir nr. 6	12.06.2009	19.06.2009	Austurland
Einarsstaðir nr. 23	19.06.2009	26.06.2009	Austurland
Einarsstaðir nr. 23	10.07.2009	17.07.2009	Austurland
Einarsstaðir nr. 23	24.07.2009	31.07.2009	Austurland

Skiptidagar eru föstudagar og vikuvörðir er kr. 15.000,-

Aðrir kostir í boði

Auk gistingar í orlofshúsum býðst félagsmönnum að kaupa ódýra gistiðmiða sem gilda á Fosshótelum, Hótel Keflavík, Edduhótelum og á Farfuglaheimilum um allt land í sumar. Félagsmenn geta einnig fengið gistingu á tjaldstæði endurgreidda að hluta. Þá þarf að leggja fram til félagsins kvittun frá tjaldstæðinu þar sem fram kemur greidd upphæð, nafn og kennitala þjónustuaðila tjaldstæðisins og nafn félagsmannsins.

Góða ferð í sumar.

Aðalfundur VÞ

Aðalfundur Verkalýðsfélags Þórshafnar var haldinn miðvikudagskvöldið 22. apríl í íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn. Félagsmenn fjölmenntu á fundinn og þar fóru fram góðar umræður. Á fundinum voru samþykktar nokkrar breytingar á lögum félagsins með stofnun tveggja nýrra deilda innan þess. Þær eru iðnaðarmannadeild og sjómannadeild en áður var starfrækt verslunarmannadeild. Félagar í árslok 2008 voru 188, 105 konur og 83 karlar, þar af 33 utan gjaldskyldu. Kristinn Lárusson lauk formannsstarfi sínu hjá félaginu að eigin ósk en hann er búinn að sinna formennsku síðastliðin ár og voru honum þökkud góð störf

í þágu félagsins. Nýr formaður var kjörinn Svala Sævarsdóttir og var hún boðin velkomin til starfa af félagsmönnum.

Rekstur félagsins gekk vel á síðasta ári og var hagnaður af öllum sjóðum félagsins. Rekstrarhagnaður félagsins árið 2008 voru samtals 6,5 milljónir króna.

Félagsmenn voru duglegir að nýta sér náms- og tómstundastyrki sem félagið býður upp á en á árinu fengu félagar styrki sem námu kr. 1,1 milljón. Orlofshús félagsins í Kjarnaskógi var vel nýtt á árinu og á því voru gerðar talsverðar endurbætur, sem menn voru ánægðir með.



Kjarasamningar í uppnámi

Þegar þetta er skrifað er óvíst hvort launþegar á almenna vinnumarkaðinum fái launahækkanir í sumar eins og til stóð þar sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandsins Íslands hafa ekki náð samkomulagi um hækkanirnar. Eins og kunnugt er var launahækkunum sem koma áttu til framkvæmda 1. mars frestað fram

á sumarið. Þá er kjarasamningur stéttarfélaganna við ríkið einnig í uppnámi en samningurinn rann út 31. mars 2009. Kjarasamningur Framsýnar við Launaneftnd sveitarfélaganna rennur út í lok nóvember á þessu ári og er því í fullu gildi eins og stendur.

35 ára starfsafmæli

Um þessar mundir eiga heiðursbjónir á Illugastöðum í Fnjóskadal 35 ára starfsafmæli. En þau Hlíf Guðmundsdóttir og Jón Óskarsson hafa verið umsjónarmenn orlofsbyggðarinnar fyrir stéttarfélögin á fjórða áratug og staðið sig með mikilli þrýði. Á Illugastöðum eru 31 orlofshús með

pottum auk þess sem sundlaug, þjónustuhús og gufubað er á staðnum. Byggðin er í dag ein best útbúna orlofsbyggð á landinu. Þess má geta að Framsýn á eitt hús á Illugastöðum. Jón og Hlíf fá heilaóskir frá stéttarfélögunum í Pingeyjarsýslum.



Það verður seint sagt um þessa menn að þeir hafi ekki skoðanir á flestum málum. Þetta eru Bakkefirdingarnir, Kristinn Pétursson og Áki Guðmundsson sem báðir voru með framsögu á málþingi Atvinnuþróunarfélagsins sem haldið var á Raufarhöfn 5. júní. Kristinn fjallaði um olíuleit á Drekasvæðinu og Áki um sjávarútvegsmál.



„Við viljum úrræði.“

Karlmaður, 35 ára.



Íslandsbanki býður fjölmörg úrræði fyrir heimilin

Greiðslujöfnun erlendra húsnæðislána

Lausn sem lækkar og jafnar greiðslubyrðina.



Greiðslujöfnun verðtryggðra lána

Greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána og annarra verðtryggðra lána með fasteignaveði.



Skuldbreytingar lána

Skóðað hvort hægt sé að hagræða með sameiningu skammtímalána og lengingu lána.

Skilmálabreytingar bílasamninga

Lækkun á leigugreiðslu bílasamninga í erlendra mynt í átta mánuði og lenging á samningi um fjóra mánuði.



Tímabundin opnun séreignarsparnaðar

Í flestum tilvikum hvetjum við fólk til að snerta ekki á lífeyrissparnaði sínum. En stundum getur það verið skynsamlegt, t.d. til að borga niður óhagstæðar skammtímaskuldir.

Hagræðing í rekstri heimilisins

Útgjöld heimilisins greind og skóðað hvar er hægt að hagræða til að ná endum saman.

Aðstoð við heimilisbókhaldið á islandsbanki.is

Á heimasíðu okkar islandsbanki.is eru netlausnir sem aðstoða þig við heimilisbókhaldið. Þú getur sett þér markmið í sparnaði og gert einfalt mat á stöðu fjármála heimilisins.

Mikið hefur verið rætt um úrræði við greiðsluvanda heimila landsins. Íslandsbanki býður lausnir sem fjölmargir hafa nú þegar nýtt sér, bæði til að hagræða í sínum fjármálum og til þess að komast í gegnum tímabundin greiðsluvandræði.

Úrræði Íslandsbanka eru sambærileg þeim sem Íbúðalánasjóður býður og í samræmi við tilmæli stjórnvalda. Bankinn hefur hins vegar gengið lengra og býður fjölmörg önnur úrræði til hjálpar heimilum í landinu.

Nýttu þér úrræðin sem eru í boði

- Komdu í næsta útibú Íslandsbanka og ræddu við ráðgjafa um hugsanlega hagræðingu og úrlausn þinna mála.
- Pantaðu Fjármálaviðtal á islandsbanki.is eða í síma 440 4000. Í Fjármálaviðtalinu förum við yfir stöðuna, leitum úrlausna og þú færð betri yfirsýn yfir fjárhagsstöðu heimilisins.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is



Íslandsbanki